

á kotinu, sem þá er talið vera 6 hundruð af dýrleika Eyrar og fyrst nefnt 1805. Hins vegar segir í jarðabók Árna Magnússonar frá 1710, að Stekkjanes, hjáleiga af heimastaðnum, hafi verið byggt í úthögum fyrir um 12 árum. Landskuldin var þá 2 vættir í kaupstað, og fyrir eitt leigukúgildi greiddist leiga í smjöri heim til staðarins. Það er upplýst í málinu, að Sigurður Kristjánsson taldi sig kaupa eignarlóð af Halldóru Jóhannesdóttur á Stakkanesi, og eftirmenn hans töldu sig gera slíkt hið sama. Þeir virðast hafa haft eignarhald á lóðinni hver eftir annan í góðri trú í fullan hefðartíma á tímabilinu 1916—1944, er fyrsta afsal fyrir Stakkaneslóðinni er þinglesið með athugasemd um, að seljanda bresti þinglesna eignarheimild. Umráð stefnda verða að teljast fullnægja skilyrðum 2. sbr. 3. gr. hefðarlaganna nr. 46/1905, og lítur dómarrinn svo á, að þannig hafi verið unnin full eignarhefð á lóð þeirri, sem um er deilt.

Þer því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur K. Kjartansson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ísafjarðarkaupstaðar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. október 1964.

Nr. 159/1964. **Eiríkur Helgason**

gegn

Markúsi B. Þorgeirssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun máls, sem höfðað var á röngu varnarþingi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru, dags. 28. september 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að frávisunardómur bæjarþings Reykjavíkur verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir bæjarþingið að kveða upp efnisdóm

í málinu. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti ekki borizt kröfur né greinargerð.

Með skirskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður vegna Eiríks Helgasonar, Stykkishólmi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 31. júlí 1964, gegn Markúsi B. Þorgeirssyni útgerðarmanni, Sunnuvegi 10, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 14.000.00, með 9½% ársvöxtum frá 30. nóvember 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins, þó ekki lægri fjárhæð en kr. 3.000.00.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt upphaflega samþykktum víxli af stefnda með gjalddaga 30. nóvember 1960. Stefnandi kveðst vera eigandi hinnar umstefndu skuldar, og hafi hann aldrei gefið víxilinn út, þannig að víxilréttur hafi ekki myndast. Skuld þessi sé vegna efniskaupa og vinnulauna við bát stefnda. Hafi umræddur „víxill“ verið vistaður í Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Eins og að ofan er rakið, er framlagt plagg, sem ritað er á víxileyðublað ekki víxill, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 93/1933, og er ekki hægt að nota regluna um varnarþing í víxilmálum, sbr. 3. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936, í þessu máli. Mál þetta hefði því átt að höfða á varnarþingi skuldara ellegar á varnarþingi stefnanda, sbr. 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936, og ber því að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Miðvikudaginn 21. október 1964.

Nr. 89/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Jóhanni Guðbjörnssyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking héraðsdóms vegna galla á rannsókn máls.

Dómur Hæstaréttar.

Dómprófum í máli þessu er áfátt í ýmsum greinum:

- 1) Vitnið Þráinn Sigurðsson var aldrei kvatt fyrir dóm til að bera vætti í málinu.
- 2) Ekkert af vitnum þeim, sem vætti gáfu, voru eiðfest, nema vitnið Guðmundur Marínó Guðjónsson Herbertsson.
- 3) Ákærði var ekki sjálfstætt yfirheyrður um málavöxtu, er hann fyrst kom fyrir dóm 23. júní 1963, heldur skirskotaði hann til vættis vitnisins Jóhanns Ingabórs Ingasonar, en viðurkenndi jafnframt nokkra áfengisneyzlu, eins og lýst er í héraðsdómi. Ekki var heldur til fulls ráðin bót á þessum annmörkum, þegar hann síðar gaf skýrslu í sakadómi Keflavíkur 17. október svo og 6. nóvember 1963, er honum voru kynnt vætti lögreglumannanna Skúla Thorarensens og Jóhanns Bergs Sveinssonar.
- 4) Vitnin Þráinn Sigurðsson og Jóhann Ingibórs Ingason voru ekki samprófuð um áfengisneyzlu ákærða, eftir